

Þín rödd í ráðum borgarinnar
Hugmynd frá samráðsvef Betri Reykjavík
30. apríl 2019

Heiti erindis: [Bæta gönguljós við Sæbraut/Sægarða](#)
Málaflokkur: Samgöngur
Viðtakandi erindis: Skipulags- og samgönguráð
Efst í málaflokknum: Já
Meðal fimm efstu : Já, 1/5

Athugasemdir:

Fjöldi með hugmynd: 48	Fjöldi á móti hugmynd: 0
------------------------	--------------------------

Lýsing: Endurnýja gönguljós við Sæbraut/Sægarða svo auðveldara er fyrir gangandi vegfarendur að komast yfir Sæbraut.

Rök með hugmynd:	Rök gegn hugmynd:
Gönguljós yfir Sæbraut hjá Sægörðum þarf að laga. Græna ljósið kemur seint og varir stutt svo gangandi vegfarendur fara ítrekað yfir á rauðu. Það skapar hættu sem nauðsynlegt er að koma í veg fyrir. Einnig þá myndu góð gönguljós hvetja einstaklinga til að sækja sér þjónustu í Holtagörðum gangandi fremur en að fara á bíl.	
Það er ótrúlegt að það skuli ekki vera undirgöng undir Sæbrautina nema við gamla Fákshemilið þar eru tvö með stuttu millibili og svo brú yfir við Blesugróf. Síðan eru aðeins gönguljós allt niður að Hörpunni. Sæbraut/Sægarðar gatnamótin virðast vera friðuð svo gömul eru gangbrautarljósin þar. Ljósín við Holtaveg og Dalbraut eru tvískipt þannig að bíða þarf á eyjunni á milli. Er það nauðsynlegt? Ljósín við Langholtsveg voru bætt þannig að nú ef svo hittist á þarf að bíða góða stund.	
Það þarf að bæta aðgengi gangandi vegfarenda að Holtagörðum. Best væri að hafa undirgöng.	
Gönguljós eru mjög mikilvæg þar sem mikið er af gangandi fólki þessum stað	
Það þarf að bæta aðgengi gangandi vegfarenda að Holtagörðum. Lengra gönguljós eða undirgöng.	